

Ed.

162. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald áf sild o. fl.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Í stað orðsins „sildartunnu“ í 1. málsg. 1. greinar laganna komi: salt-sildartunnu.

Orðin „fiskmjöli þurrkuðu“ í 2. málsgrein sömu greinar falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fr. þetta fer fram á lækkun á útflutningsgjaldi á tveimur tegundum útflutningsvara, nýrri sild isvarinni og þurrkuðu fiskmjöli. Ástæður fyrir flutningi þess eru þær, er hér greinir:

Á öndverðum yfirstandandi vetri voru gerðar tilraunir á Austfjörðum með útflutning á nýrri sild isvarinni, bæði til Englands og litilsháttar til Þýskalands. Kom þá í ljós að lög nr. 60, frá 27. júní 1921, um útflutningsgjald af sild o. fl., voru skýrð þannig, að af þessari ísuðu sild bæri að greiða útflutningsgjald eins og af saltsild, þ. e. 1 kr. af hverjum 108—120 litrum.

Þar sem hér er um að ræða tilraunir til að komast inn á nýjan markað með nokkuð af þeirri vöru, sem mjög erfitt er að fá markað fyrir, þá virðist öldungis óverjandi að skattleggja þessar tilraunir með útflutningstolli, sem nemur allt að 25% af andvirði vörunnar að frádregnum kostnaði.

Að því er snertir lækkun á útflutningsgjaldi af þurrkuðu fiskmjöli virðist nægilegt að taka þetta fram:

Vinnsla á fiskmjöli hefir vaxið allmikið hér á síðari árum, þannig að í stað þess að kasta í burt öllum fiskúrgangi, eins og áður var gert að mestu, eru beinin nú möluð og flutt út sem verzlunarvara.

Hús og vélar, svo og allur rekstur — kol, olía og vinna — krefur mikið stofnfé og einnig rekstrarfé, enda hafa verksmiðjur þær, er reknar hafa verið, tæplega borgað sig, en flestar aukið skuldir við bankana, þar sem afurðirnar — fiskmjölið — hafa eins og flestar vörur farið silækkandi í verði á heimsmarkaðinum.

Það virðist því vera sterk ástæða til þess að setja útflutningsgjöld á fiskmjöli í samræmi við útflutningsgjöld á öðrum fiskivörum og nema ákvæði um núverandi útflutningsgjöld á fiskmjöli þar með úr lögum.

Frekari grein verður gerð fyrir frv. í framsögu.